

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

Dagsetning: 4. júní 2019

Tími: 18:00 til 20:00

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP). Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
3. Skýrsla framkvæmdastjóra – mælaborð og rekstraráætlun
4. Hreyfiaflsverkefni
 - Jafnvægisvog FKA
 - Fjölmiðlaverkefni FKA
5. Heimasíða FKA og samningur við Visku
6. Áskoranir í rekstri FKA
7. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

HH fór yfir mælaborð framkvæmdastjóra og fór yfir rekstraráætlun 2019.

4. Hreyfiaflsverkefni

Jafnvægisvog FKA – Samningur við Evu Rún Michelsen verkefnastjóra Jafnvægisvogar var kynntur. Farið var yfir stöðu Jafnvægisvogar sem verkefnis.

RÁ mun óska eftir umræðum um hlutverk aðila í Jafnvægisvogarráði.

Fjölmiðlaverkefni FKA – Staða verkefnisins var yfirfarin.

Tillaga var sett fram um fjölmiðlaráð FKA. Formanni falið að kanna hvort tilnefndar konur eru reiðubúnar að vinna að verkefninu, auk þess sem lagt er til að auglýst verði eftir félagskonum með reynslu og þekkingu sem nýtist í verkefninu.

Tillaga var lögð fram og samþykkt um að Danielle Neben verði formaður fjölmiðlaráðs og sjái um verkefnastjórn fjölmiðlaþjálfunar hjá RÚV.

Stjórn FKA leggur til að unnið sé að skipulagi fyrir verkefnið í heild sinni með fræðslunefnd FKA og væntu fjölmiðlaráði FKA.

Fundur verður haldinn 6. júní n.k. með RÚV vegna verkefnisins. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að nýr verkefnastjóri verði kynntur.

5. Heimasíða FKA og samningur við VISKU

Samningur við VISKU var yfirfarinn. Í pósti sem FKA sendi út þann 29. maí 2019 var auglýst var eftir FKA konum til að aðstoða við uppbyggingu á heimasíðu FKA – tvær konur buðu sig fram og voru þær beðnar um að rýna sjálfstætt og óháð fyrirbyggjandi þarfagreiningu. Farið var yfir valferli fyrri stjórnar varðandi tilboð við heimasíðugerð og var það niðurstaða stjórnar að eðlilega hefði verið staðið að vali á samningsaðila. Í valferlinu var óskað eftir tilboðum frá fjórum fyrirtækjum sem gátu sinnt kröfum samkvæmt þarfagreiningu.

Tengiliður heimasíðuverkefnis og annarra tæknilegra lausna við stjórn er LB.

6. Áskoranir í rekstri FKA

Formaður fór yfir helstu áskoranir í starfsemi FKA og mikilvægi þess að halda félagskonum upplýstum um verkefni og störf stjórnar, deilda og nefnda innan félagsins.

7. Önnur mál

a. Beiðni um afstöðu FKA vegna ráðningamála

FKA barst ábending frá félagskonu FKA vegna ráðningar í opinbera stöðu. Ákveðið að HH setji sig í samband við hana fh. stjórnar og í framhaldi af því verði tekin afstaða til þess með hvaða hætti rétt sé að FKA aðhafist vegna málsins.

Fundi sliti kl. 20:30.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum